

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

### *14. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 27. janúar 2011, kl. 13:30.

#### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2011.
3. Fyrirtækjalisti vegna sorpgjalda 2011.
4. Gjaldskrá hitaveitu Reykjahlíðar.
5. Gjaldskrá hitaveitu vegna Birkilands.
6. Sorpsamlag, hlutafjáraukning.
7. Samningur um málefni fatlaðra.
8. Deiliskipulag Birkilandi.
9. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 25. jan.
10. Afskriftir.
11. Erindi frá Kára Þorgrímssyni.
12. Erindi frá Skipulagsstofnun v/breytinga á legu jarðstrengs frá Bjarnarflagi að Kröflustöð.

#### Til kynningar:

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 14. des. 2010.

Bréf Samvinnunefndar um miðhálandi Íslands dags. 30. des. 2010.

Fundargerð stjórnar DA. dags. 4. jan.

Afrit af bréfi Skipulagsstofnunar til Umhverfisstofnunar dags. 12. jan.

Bréf Félags leikskólakennara og Félags stjórnenda leikskóla.

Mætt: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Auður Jónsdóttir, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik Jakobsson.

**1. Fundarsetning.**

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 11 og 12 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.

**2. Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2011.**

Oddviti gerði eftirfarandi tillögu um fasteigna- og þjónustugjöld fyrir árið 2011 ásamt afsláttarreglum.

***Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2011.***

- a) Fasteignaskattur samkvæmt a-lið 3. greinar laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum. 0,625% af fasteignamati.
- b) Fasteignaskattur samkvæmt b-lið 3. greinar sömu laga, 1,32% af fasteignamati.
- c) Fasteignaskattur samkvæmt c-lið 3. greinar sömu laga, 1,65% af fasteignamati.
- d) Vatnsgjald, 0,15% af fasteignamati.
- e) Holræsagjald, 0,225% af fasteignamati.
- f) Lóðaleiga, kr. 10,00 á m<sup>2</sup>.

Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 10.000- verði 8, sá fyrsti 1. mars. 2011. Gjalddagi gjalda undir kr. 10.000- verði 1. maí.

Verði fasteignagjöld að fullu greidd fyrir eindaga fyrstu greiðslu sem er 31. mars 2011, verður veittur 3,5% staðgreiðsluafsláttur. Þeir sem vilja nýta sér afsláttinn, vinsamlega hafi samband við skrifstofu hreppsins.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, skal felldur niður/lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. eftirfarandi reglum:

**100% lækkun:**

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.460.000-

Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.440.000-

**80% lækkun:**

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.460.000- til kr. 2.830.000-

Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.440.000- til kr. 3.840.000-

**50% lækkun:**

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.830.000- til kr. 3.290.000-

Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.840.000- til kr. 4.580.000-

Áður en niðurfelling eða lækkun á sér stað, þarf að koma fram umsókn þar um, ásamt staðfestu afriti af skattaframtali 2011 og berist skrifstofu Skútustaðahrepps að Hlíðavegi 6, þegar að framtali loknu.

**Sorphirðugjöld:**

A.) Íbúðir

Sorphirðugjald kr. 27.400- á íbúð

B.) *Fyrirtæki.*

*Sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkun.*

|                |          |
|----------------|----------|
| Flokkur a) kr. | 27.400-  |
| b) kr.         | 75.300-  |
| c) kr.         | 137.300- |
| d) kr.         | 251.900- |
| e) kr.         | 491.500- |
| f) kr.         | 745.300- |

*Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.*

*Ákveðið hefur verið að innheimta heilbrigðiseftirlits- og umhverfisgjöld af fyrirtækjum vegna gjaldaársins 2011, sem heimilt er samkv. lögum.*

***Greiðsluseðlar verða sendir mánaðarlega.***

Samþykkt samhljóða. Gjaldskrárhlutunum vísað til síðari umræðu.

**3. Fyrirtækjalisti vegna sorpgjalda 2011.**

Eftirfarandi innheimtulistu lagður fram. Þrátt fyrir að sveitarstjórn samþykki 18% hækkun sorpgjalda frá fyrra ári, heldur það ekki í við kostnaðinn sem hlýst af þessum málaflokki.

| Fyrirtækjalisti vegna sorpgjalds 2011<br>fyrirtæki | flokkur | 2011   |
|--|---------|--------|
| Birgir Hauksson v/landbúnaður                      | a       | 27.400 |
| Egill Freysteinnsson v/landbúnaður                 | a       | 27.400 |
| Eypór Pétursson v/landbúnaður                      | a       | 27.400 |
| Eilífur ehf. v/landbúnaður                         | a       | 27.400 |
| Félagsbú Baldursheimi ehf. v/landbúnaður           | a       | 27.400 |
| Félagsbú Gautlöndum 1 v/landbúnaður                | a       | 27.400 |
| Félagsbú Garði 2 v/landbúnaður                     | a       | 27.400 |
| Félagsbú Geiteyjarströnd 2 v/landbúnaður           | a       | 27.400 |
| Félagsbú Grænavatni 1 v/landbúnaður                | a       | 27.400 |
| Félagsbú Grænavatni 4 v/landbúnaður                | a       | 27.400 |
| Félagsbú Stöng 2 og Heiðmörk<br>v/landbúnaður      | a       | 27.400 |
| Félagsbú Skútustöðum 2 v/landbúnaður               | a       | 27.400 |
| Félagsbú Vogum 2 og 4 v/landbúnaður                | a       | 27.400 |
| Félagsbú Vogum 3 v/landbúnaður                     | a       | 27.400 |
| Félagsbú Vogum 1 v/landbúnaður                     | a       | 27.400 |
| Félagsbú Ytri Neslöndum v/landbúnaður              | a       | 27.400 |
| Halldór Árnason v/landbúnaður                      | a       | 27.400 |
| Ingólfur Jónasson v/landbúnaður                    | a       | 27.400 |
| Héðinn Sverrisson v/reykhús                        | a       | 27.400 |
| Gylfi Yngvason reykhús                             | a       | 27.400 |
| Reykhúsið Hellu                                    | a       | 27.400 |
| Halldór Árnason v/reykhús                          | a       | 27.400 |
| Gunnar Rúnar Pétursson v/reykhús                   | a       | 27.400 |
| Örn Hauksson v/reykhús                             | a       | 27.400 |
| Dyngjan  | a       | 27.400 |
| Heilbrigðisstofnun Þingeyinga                      | a       | 27.400 |
| Haganes, veiðihús                                  | a       | 27.400 |

|  |     |                   |
|--|-----|-------------------|
| Mývatnsmarkaður                        | a   | 27.400            |
| Víkurnes, hópferðaðþjónusta            | a   | 27.400            |
|  |     | <b>794.600</b>    |
| Crumena v/ Gistiheimilisins Lúdents    | b   | 75.300            |
| Fuglasafn Sigurgeirs                   | b   | 75.300            |
| Héðinn Sverrisson v/gisting            | b   | 75.300            |
| Landeigendur Reykjahl. v/Gestastofu    | b   | 75.300            |
| Mýflug                                 | b   | 75.300            |
| Skútustaðahreppur skrifst/leikskóli    | b   | 75.300            |
| Skútustaðir 2b, gisting                | b   | 75.300            |
| Sparisjóður S-Pingeyinga               | b   | 75.300            |
| Stöng Sumarhús                         | b   | 75.300            |
|  |     | <b>677.700</b>    |
| Eldá/Helluholt                         | c   | 137.300           |
| Ferðaðþjónustan Bjargi                 | c   | 137.300           |
| Ferðaðþjónustan Hlíð                   | c   | 137.300           |
| Jón Ingi Hinriksson v/Léttsteypan ofl. | c   | 137.300           |
| Lake View                              | c   | 137.300           |
| Landsvirkjun v/Grænna lausna/Raftvista | c   | 137.300           |
| Baðfélag Mývatnssveitar                | c   | 137.300           |
| Trésmiðjan Rein v/Kaffi Borga          | c   | 137.300           |
| Skútustaðahreppur v/Múlavegar 1        | c   | 137.300           |
| Skútustaðahreppur v/áhaldahús/veitust. | c   | 137.300           |
| Stöng, ferðaðþjónusta                  | c   | 137.300           |
| Vogabú v/gisting/veitingar             | c   | 137.300           |
| Vogar v/ferðaðþjónusta ofl.            | c   | 137.300           |
| Veiðihús í landi Hofstaða              | c   | 137.300           |
|  |     | <b>1.922.200</b>  |
| Hótel Reynihlíð                        | d   | 251.900           |
| Lykilhótel                             | d   | 251.900           |
| Mývatn ehf                             | d   | 251.900           |
| Skjólbrekka, félagsheimili             | d   | 251.900           |
| Skútustaðahreppur, grunnskóli          | d   | 251.900           |
| Skútustaðahreppur, íþróttamiðstöð      | d   | 251.900           |
|  |     | <b>1.511.400</b>  |
| Samkaup                                | f   | 745.300           |
| Kröfluvirkjun                          | f   | 745.300           |
|  |     | <b>1.490.600</b>  |
| amt. fyrirtæki                         |     | <b>6.396.500</b>  |
| alm. gjald                             | 171 | 27.400            |
|  |     | <b>4.685.400</b>  |
| samtals alls                           |     | <b>11.081.900</b> |

Samþykkt samhljóða.

**4. Gjaldskrá hitaveitu Reykjahlíðar.**

Vísað til síðari umræðu.

**5. Gjaldskrá hitaveitu vegna Birkilands.**

Vísað til síðari umræðu.

**6. Sorpsamlag, hlutafjár aukning.**

Með bréfi dags. 10. janúar óskar framkvæmdastjóri Sorpsamlags Þingeyinga eftir staðfestingu hluthafa á tillögu stjórnar Sorpsamlagsins frá 22. des. s.l. um aukningu hlutafjár í félaginu um allt að 57 milljónir. Hlutur Skútustaðahrepps í þeirri aukningu er kr. 6,3 millj.

Sveitarstjórn samþykkir hlutafjár aukninguna.

**7. Samningur um málefni fatlaðra.**

Um síðustu áramót tóku sveitarfélögin við þjónustu ríkisins við fólk með fötlun. Sveitarfélögin í Þingeyjarsýslum tóku ákvörðun um að mynda sameiginlegt þjónustusvæði um málaflokkinn sem yrði hýstur hjá Norðurþingi. Fyrir fundinum liggur samningur á milli sveitarfélaganna þessa efnis. Samningurinn var sendur sveitarstjórnarmönnum í tölvupósti 28. des. s.l. Sveitarstjórn samþykkir samninginn formlega hér með.

**8. Deiliskipulag Birkilandi.**

Á fundi sveitarstjórnar 22. sept. s.l. var samþykkt að auglýsa breytingu á deiliskipulagi í Birkilandi skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997. Með bréfi dags. 27. sept. var erindið grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum þeim Ásgeiri Kristjánssyni og Signýju Guðmundsdóttur og Jóni M. Björgvinssyni. Engar athugasemdir bárust.

Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagið og felur sveitarstjóra að afla því staðfestingar.

**9. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 25. jan.**

Í þriðja lið fundargerðarinnar leggur nefndin til að hugað verði að umhverfisstefnu fyrir sveitarfélagið og að fengin verði verk- og kostnaðaráætlun vegna slíkarar vinnu. Í fjórða lið fundargerðarinnar er vakin athygli á umferðaröryggismálum í sveitarfélaginu. Annmarkar eru á vegamerkingum auk þess sem áningarstaðir eru ekki merktir. Ráða þarf bót á þessu. Þá eru það nefndinni vonbirgði að nýjum Dettifossvegi skuli ekki vera haldið opnum. Í fimmta lið fundargerðarinnar eru sorphirðumál gerð að umtalsefni. Bæta þarf umgengni við timbur- og brotajárnsgáma. Hvetja ætti íbúa sveitarfélagsins til moltugerðar og aukinnar flokkunar sorps, þá telur nefndin nauðsynlegt að setja upp gám fyrir dýrahæ. Aðrir liðir fundargerðarinnar þarfnast ekki ályktunar við.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn að óska eftir fundi með Vegagerðinni um snjómokstur í sveitarfélaginu ofl.

**10. Afskriftir.**

Vegna árangurslausra innheimtuaðgerða samþykkir sveitarstjórn að afskrifa útistandandi kröfu kr. 3,2 millj.

### 11. Erindi frá Kára Þorgrímssyni.

Með bréfi kynnir Kári stofnun einkahlutafélagsins Þuru ehf. sem er í eigu þeirra Jóhönnu Njálsdóttur. Félaginu er ætlað að starfa á sviði landgræðslu og gróðurverndar sem verktaki og einnig sem frumkvöðull. Það mun leitast við að koma upp aðstöðu og búnaði sem hentar starfsemi og virkja sem flesta til samstarfs þegar fram líða stundir. Eftirsóknarvert væri að láta vinna faglega úttekt á möguleikum til endurheimtar náttúrulegs íslensks mólendis og kjarlendis á uppblásturssvæðum í Skútustaðahreppi og markmið þessa verkefnis yrði fyrst og fremst að afla reynslu og þekkingar sem nýst gæti til að setja fram raunhæf markmið um endurheimt náttúrulegs mólendis.

Bréfhöfundur hyggst sækja um fjárstuðning m.a. úr Vaxtarsamningi Norðausturlands til næstu tveggja ára, auk mótfjármögnunar með öðru styrkfé og verkefnum sem féllu að rannsóknarstarfinu. Verið er að ljúka við gerð rekstraráætlunar. Framlag úr Vaxtarsamningi Norðausturlands er m.a. háð því að samstarf komist á milli tveggja eða fleiri aðila um þau verkefni sem unnið er að. Því er óskað eftir að í upphafi verði verkefnið sameign Skútustaðahrepps og Þuru ehf. Og þar með bein aðkoma sveitarfélagsins að stjórnun þess. Ekki er verið að fara fram á fjárútlát frá sveitarfélaginu önnur en þau sem leitt gæti af þátttöku þess í verkefnisstjórnuninni. Sveitarstjórn samþykkir erindið.

### 12. Erindi frá Skipulagsstofnun v/breytinga á legu jarðstrengs frá Bjarnarflagi að Kröflustöð.

Með bréfi óskar Skipulagsstofnun eftir umsögn sveitarstjórnar Skútustaðahrepps á því hvort breyting á legu jarðstrengs frá Bjarnarflagi að Kröflustöð skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Um er að ræða breytingu á framkvæmd miðað við matsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulína frá Kröflu og Þeistareykjum að Bakka við Húsavík og jarðstreng frá Bjarnarflagi að Kröflu.

Sveitarstjórn telur að nefnd breyting sé til bóta o.þ.a.l. ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétursson,  
Auður Jónsdóttir,  
Eyrún Björnsdóttir,  
Friðrik Jakobsson.